

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



<b>Dags eftirlits</b>	27.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	Frigg Thorlacius
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirlitinu en sex eldri frávik standa opin. Aðrar athugasemdir eða ábendingar voru ekki gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins 2018 hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu að Strönd, Ágúst Sigurðsson og Ómar Sigurðsson voru fulltrúar rekstraraðila og Frigg Thorlacius og Gottskálk Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar í þessu eftirliti. Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofum Rangárþings ytra á Hellu.

Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

1. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og stöðu eldri frávíka og athugasemda.
2. Starfsleyfiskröfur og staða gagnvart þeim.
3. Innsend gögn skoðuð og rædd
4. Skipulagsmál, girðingar, manir og fokvarnir
5. Önnur mál
6. Skoðun á urðunarstaðnum

1. Fyrri eftirlit ársins fór fram á urðunarstaðnum þann 8. júní sl. og komu fram sjö frávik frá kröfum í starfsleyfi og tvö eldri frávik eru enn opin. Nú standa eftir sex opin frávik frá fyrri eftirlitum.

Elsta frávikíð er frá árinu 2012 (2012-44) og snýr að því að bílar og tæki í einkaeign eru tekin til langtímageymslu á urðunarstaðnum án þess að það sé heimilað í starfsleyfinu og geymslan fari fram á malarlögðu geymslsvæði. Við uppbyggingu á staðnum og byggingu steinsteypra rampa fyrir móttöku og flokkun úrgangs var sérstakt svæði steipt með niðurfalli í lægsta punkti tengdu olíuskilju þar sem geymsla úr sér genginna ökutækja og annarra tækja, sem í eru olíur og önnur hættuleg efni tengd bifreiðum sem skilað er inn gegn skilgjaldi Úrvinnslusjóðs. Enn eru þó tæki í einkaeigu sem samþykkt voru inn á svæðið en geymsla þeirra uppfyllir ekki kröfur um undirlag.

Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun þann 15. október sl. og vill fá að nota veturinn og vorið til að bæta umgengni á svæðinu enda sé stöðin nú fullmönnuð. Rekstraraðili hefur ákveðið að senda eigendum tækjanna lokaskilaboð um að fjarlægja eigur sínar, að öðrum kosti verði þeim fargað. Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlun vegna úr sér genginna ökutækja þann 18. maí sl. og þann 18. október sl. vegna annarra hluta sem safnast hafa upp á svæðinu og gefið frest fram að fyrri eftirliti ársins 2019 og mun þá taka út úrbætur. Frávikíð er því enn opið.

Frávik vegna aðgangs að svæðinu (girðinga) var skráð í eftirliti 7. desember 2017. Í úrbótaáætlun rekstraraðila frá 4. apríl sl. var gert ráð fyrir að viðgerðir á girðingum yrði lokið eigi síðar en 1. júní 2018. Í skoðun eftirlitsaðila í nóvember sl. lá girðing enn niðri á kafla. Því er frávikíð enn opið og hert á um þetta. Úrbætur verða teknar út í fyrri eftirliti 2019.

Frávik vegna mikils magns timburkurla á svæðinu sem nota á í manir, frávik vegna búfjárúrborðar sem ekki er heimild fyrir og verður notað til uppgræðslu á svæðinu, frávik vegna mengunarvarna og árekstrarvarna við olíugeymi sem rekstraraðili ætlar að uppfæra, hafa öll fengið frest hjá stofnuninni fram á næsta vor og verða úrbætur teknar út í fyrri eftirliti 2019. Öllum þessum frávikum verður haldið opnum þar til úrbætur eru í höfn.

Frávik vegna seinna skila á grænu bókhaldi fyrir árið 2017 hefur verið lokað enda ekki skýr krafa í starfsleyfi um að rekstraraðili skuli skila grænu bókhaldi.

2. Starfsleyfishafi hefur leyfi fyrir móttöku og flokkun úrgangs á þar til gerðri aðstöðu á urðunarstaðnum, leyfi fyrir urðun í reinum á svæðinu, bæði úrgangur sem tækur er á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgangur og einnig má urða lífníðurburjótanlegan úrgang. Jarðgerð í þar til gerðum jarðgerðargámum er einnig heimiluð og skal eftir meðferð mottu fara fram á bundnu yfirborðslagi. Ef lífníðurburjótanlegur úrgangur (sláturúrgangur) er urðaður á staðnum eru gerðar auknar kröfur til botns og hliða í reinum þ.e. jarðfræðilegs tálma á urðunarstaðnum. Undanfarin nokkur ár hefur öllum sláturúrgangi verið keyrt í urðunarstaðinn í Álfsnesi.

Áætlanir og markmið rekstraraðila sem fyrir eiga að liggja og önnur gögn sem útbúa skal liggja öll fyrir og skýrslur og tilkynningar hafa skilað sér.

3. Eftirfarandi skýrslur skal rekstraraðili senda eftirlitsaðila: ústreymisbókhalda, skýrsla um magn og gerðir úrgangs sem og skýrsla um niðurstöður mælinga við urðunarstaðinn. Verkfræðistofan Mannvit sér um mælingar og sýnatökur fyrir rekstraraðila og barst skýrsla vegna 2018 þann 25. október sl. Fylgt er mæliáætlun í starsleyfi og í samantekt í skýrslu Mannvits kemur fram að útkoma úr efnagreiningum á sýnum teknum í september sl. sé að styrkur næringarefna, málma og annarra mælipátta sé sambærilegur eða lægri en hann hefur verið við fyrri sýnatökur að Strönd. Eins að ef skoðuð eru umhverfismörk fyrir yfirborðsvatn í reglugerð nr. 796/1999 þá séu áhrif urðunarstaðarins óveruleg. Grunnvatnið falli ekki um flokk með tilliti til magns næringarefna eða málma.

4. Deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn liggur fyrir. Í skipulaginu er gert ráð fyrir fokvörnum, mönum og öðru því sem minnkað getur umhverfisáhrif svæðisins. Nú er fyrirhugað að vinna í gerð mana í vetur og þá er ráðlegt að styðjast við deiliskipulag svæðisins og eins að afla tilskilinna leyfa frá heilbrigðisnefnd svæðisins ef nota á úrgang til landmótunar. Yfirfara þarf girðingar og hindra þannig óvelkomið aðgengi manna og búfjár.

#### 5. Annað

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu. Í því samhengi var einnig farið yfir fyrirhugaðar breytingar á tíðni eftirlits með tilkomu reglugerðar nr. 550/2018 sem tilgreinir að með kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu af rekstraraðilum geti tíðni eftirlits að Strönd breyst.

6. Farið var í skoðun á urðunarstaðnum. Aðstaða til móttöku og flokkunar á úrgangi er snyrtileg og vel merkt. Eins og áður segir í skýrslunni er skipulagi á svæðinu að einhverju leyti ábótavant, þar má nefna úrgangur að sömu gerð er geymdur á nokkrum stöðum á svæðinu t.d. hjólbarðar, brotajárn, tréflís og efnabambar. Jafnframt er mikið af hlutum eða mögulegum úrgangi til geymslu á svæðinu, þ.á.m. háspennukefli, gámar, gervigras, hjólbarðar, brotajárn, gamlar fokgrindur o.þ.h.

Umhverfisstofnun hefur gefið frest til vors 2019 til þess að koma þessu í betra horf.

Fleira var ekki gert.

#### ÁBENDINGAR

Engar aðrar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

#### ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.01.2019



Gottskálk Friðgeirsson